

Útdráttur

Eftirfarandi ritgerð er unnin sem lokaverkefni til B.Ed. – prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri vorið 2004.

Tilgangur ritgerðarinnar er að leita svara við spurningunum: Er sterk sjálfsmynd forvörn og ef svo er hvað geta skólar gert til þess að styrkja sjálfsmynd nemenda sinna? Fjallað er um kenningar sem lúta að sjálfsmynd einstaklinga, hvernig hún myndast og þróast og hvernig má styrkja hana. Einnig er fjallað um hvaða forvarnir höfundar telja að grunnskólar landsins ættu að leggja mesta áherslu á. Tekið er mið af niðurstöðum ýmissa rannsókna og kannanna. Í lokin eru dregin fram þau markmið *Aðalnámskrár grunnskóla* sem miða að uppbyggingu sjálfsmyndar nemenda og gátlistar fyrir kennara unnir upp úr þeim.

Allar rannsóknirnar sem við skoðuðum benda til þess að börn með lélega sjálfsmynd séu mun líklegri til að leiðast út í neyslu ávana- og fíkniefna og/eða misbjóða sér kynferðislega. Við komumst því að þeirri niðurstöðu að sterk sjálfsmynd er góð forvörn og foreldrar og starfsfólk skóla getur á auðveldan hátt styrkt sjálfsmynd barna og unglinga.

Abstract

The following thesis is a final assignment for B.Ed. degree at the University of Akureyri, 2004.

The focus of this essay is to answer the question: Can a strong self-image prevent students from making poor choices and if so what can schools do to strengthen their students' self image? We will discuss theories of personal self-image, how it develops and how it can be strengthened. Also we will introduce recommendations on prevention strategies the Icelandic elementary schools should emphasize on. In addition, the results of various research and surveys will be discussed. The main goal is to produce a checklist of standards from the National Curriculum Guide for Compulsory School that address student self-image in order to aid teachers to meet these targets.

All the research that we examined implies that children with poor self-image are more likely to get addicted to drugs or alcohol, be sexually abused and make other poor social choices. We came to the conclusion that a strong self-image empowers students to make healthy choices and parents and school employees can easily help strengthen children's and teenager's self-images.